



Skyndileiðarvísir (Quick reference guide)

Til hamingju með nýja GPS Plotterinn þinn.

Ísetning á tækinu skal vera í samræmi við meðfylgjandi notendahandbók og skal vera framkvæmd af reyndum tæknimanni á rafeindasviði. Rafeindabúnaður um borð á alltaf að vera búinn öryggi á fæðispennu.

Tækið er vatnspétt að framanverðu – þegar hlífinni á kortalesaranum er lokað á réttan hátt.

Settu SD kortið í kortalesarann að framanverðu á tækinu og lokaðu hlífinni á kortalesaranum vandlega. Það er mjög mikilvægt að þrýsta á hlífina þannig að hún sé þétt lokað.

Kveikja/Slökkva: Þrýstu á <Power> hnappinn. Eftir örfáar sekúndur ræsist plotterinn - með þær stillingar sem síðast voru notaðar. Tækið slekkur á sér með því að halda hnappinum inni í um það bil 4 sekúndur.

Þrýstu á <ENT> (Enter), til að staðfesta val.

Þrýstu á <ESC> (Escape), til að fara eitt skref til baka í valmyndinni.

Þrýstu á <MODE>, til að skipta á milli skjámynda. Skjámyndin breytist í hvert skipti sem þrýst er á hnappinn. Eftir 5 skipti er aftur komið að upprunalegu skjámyndinni.

Þrýstu á <Menu> hnappinn fyrir valmynd. Ef þrýst er tvisvar í röð á hnappinn kemur upp aðalvalmyndin.

Þrýstu á F (Function) hnappinn, þegar óskað er að velja aðra valmöguleika eins og t.d. sjávarföll, leit o.s.frv.

<MOB> stendur fyrir Man-Over-Board eða Maður-Fyrir-Borð. Ef þrýst er á hnappinn, er núverandi staðsetning skráð svo fljótlega sé hægt að finna þá staðsetningu aftur.

Örvar (> <) sem benda á móti hvorri annarri þýðir minnka skalann. Örvar sem benda frá hvorri (< >) annarri þýðir stækka skalann á kortinu.

Settu sóhlífina á tækið þegar það er ekki í notkun.

Við vonum að þú njótir nýja tækisins!